

Hitaveita Flúða



Byggð á Flúðum spratt upp í kringum jarðhitann. Fyrsta byggingin var skólahús sem reist var árið 1929 í landi Hellisholts og var land ásamt hitaréttindum keypt af Jóni bónda Einarssyni í Hellisholtum árið 1928. Húsið var hitað upp með hveravatni og var nánast byggt ofan á stærsta hvernum á svæðinu. Þurfti þá engar lagnir utanhúss en miðstöðvarketillinn var settur í hverinn.



Gamli og nýi skólinn

Annar hver var síðan notaður til að elda allan mat, en innangengt var frá þeim hver inn í eldhúsi skólans. Eldhúshverinn var virkjaður á þann hátt að járnplata var sett á yfirborð hversins. Á plötunni voru 4 misstór göt og var fötum smeygt þar inn og í þeim var allur matur soðinn.



Sundlaugin

Síðsumars 1946 var heitu vatni fyrst hleypt á nýbyggða sundlaug sem byggð var rétt við skólan á Flúðum, en hún breytti allri aðstöðu heimamanna til sunda og baða. Áður hafði sund verið kennt í svonefndri Grafabakkalaug sem var vestan undir Hverahólma ofan Litlu-Laxár. Laug þessi var gerð í kringum 1908. Laugarveggirnir úr torfi og grjóti og möl úr Laxá var svo dreift yfir botn laugarinnar.

Árið 1949 var ráðist í að bora á Flúðum og voru þrjár holur boraðar. Hóla 1 var boruð í 35 m. og gefur um 5 l/sek. af 96°C heitu vatni, en sú hola er enn þann dag í dag notuð til að hita upp laugina. Hóla 2 var boruð í 20 m. og gaf um 6 l/sek. Hóla 3 var boruð í 22 m. og gaf um 2 l/sek. en það vatn kom í hana í um 4-5 m. Sú hola er týnd í dag.

Byggð hélt áfram að stækka og árið 1966 var enn á ný farið að bora og heitir sú hola, Hóla 4. Í 39 m. gaf sú hola 10 l/sek. en þá þurkkaði hún upp eldri holurnar og einnig er talið að hún hafi þurkkað upp hver sem var í Gröf. En sá hver er í 2-3 km. fjarlægð frá holunni. Var því reynt að fódra þessa æð af en með þeim afleiðingum að það vatn kom hvergi upp. Hóla 4 var síðan boruð í 205 m. og gefur u.þ.b 13 l/sek. af um 100°C heitu vatni.



Borinn Franks hóf að bora hól 4 í mars 1966

Eftir að þessi hola var virkjuð stofnuðu Hrunamannahreppur og garðyrkjubændur á Flúðum Hitaveitu Flúða og nágrennis. Árið 1991 tók síðan Hrunamannahreppur alfarið við rekstri veitunnar.

Árið 1985 var enn farið að bora, þá Hóla 5. Sú hola er vestast á svæðinu og er köldust eða um 96° á Celsíus. Hún var boruð í 321 m. og gefur um 29 l/sek.



Hóla FL.02

Árið 1985 voru svo boraðar holur no. 6 og 7. Hóla 6, sem er afkasta mesta hola á Flúðum, var boruð í 365 m. og gefur u.þ.b. 40 l/sek. af 104°C heitu vatni. En menn sáu ennþá eftir því vatni sem var fóðrað af í Holu 4 og var ákveðið að stinga bornum niður rétt við þá holu og sækja það vatn. Sú hola, sem nefnd var Hóla 7, var boruð í 59 m. en gefur nánast ekki neitt.

Árið 1993 var farið að bera á vatnsskorti í stærstu toppum og er þá ákveðið að bora.



Sumarið 1994 er svo Hóla 8 boruð. Sú hola er boruð með loftbor sökum þess að fyrri reynsla sýndi að borsvarf hvarf með kælivatninu niður í jörðina og komst í vatnskerfi hitaveitunnar ásamt leir og eðju. Ekki var hægt að komast lengra niður en 276 m. Þar sem loftið náði ekki að blása upp vatninu sem streymdi inn í holuna. Þarna renna upp 35-40 l/sek. af 104,8°C heitu vatni, sem að vísu dró nokkuð úr þegar hinar holurnar voru fullopnaðar.

Í dag nýtir hitaveitan holur no. 4,5,6 og 8 sem gefa u.þ.b. 100-115 l/sek. í sjálfrennsli en holuþrýstingur á hlotoppi er um 0,5-0,6 bar. Við borun Hólu 8 hitnuðu hinar holurnar á svæðinu og er hitinn um 104°C.

Hitaveitan dreifir vatni um Flúðir og nágrenni. Þar að auki selur hún vatn til fjögurra sveitaveitna. Veiturnar eru:



Átaksveita sem nær til bæjanna Skyggnis, Hruna, Þverspyrnu, Laxárdals og Skáldabúða en tveir síðustu bæirnir eru í Gnúpverjahreppi. Átaksveitan er um 10 km. að lengd. Hitaveita Flúða hefur yfirtekið þessa veitu og endurnýjað lögnina.

Langholtsveita sem nær að bæjunum Efra- Langholti, Langholtskoti, Unnarholti, Unnarholtskoti og Bjargi. Langholtsveitan er um 7-8 km. löng. Árið 2000 færði Langholtsveita sig yfir á hitaveitu Ásatúns vegna þess að stofnlögn milli Flúða og Efra-Langholts var orðin ónýtt.


Selsveita sem nær að Selsbæjum, Ísabakka og Hvítárholti. Árið 2000 yfirtók Hitaveita Flúða Selsveitu og lagði nýja stállögn alla leið að Hvítárholti. Inn á þá lögn tengdust sumarhúshverfin frá Efra-Seli þ.e. Álftabyggð og Kjóabyggð.

Og að síðustu Hrafnkelsstaðir sem er bæjarkjarni sem samanstendur af fimm íbúðarhúsum ásamt útihúsum.

Sumarið 1997 ákváðu eigendur hitaréttinda á Hverhólmasvæðinu að láta bora á því svæði. Var borað í um 235 m. og gefur hola um 100-120 l/sek. í sjálfrennsli af 108°C heitu vatni, en þrýstingur á hlotoppi er um 1,6 bar.

Árið 2001 var ákveðið að leggja hitaveitu frá Flúðum niður sveitina. Lögnin var lögð að sumarhúshverfi í Götu og þaðan framhjá Miðfelli og að Galtafelli, þaðan var síðan lagt með bæjunum að Hólakoti. Var lögnin klár snemma árs 2002.

Árið 2000 gerði Hitaveita Flúða og Hrunamannahreppur samning við Orkustofnun um gerð auðlindakorts og afkastgetu hitasvæðisins í Hrunamannahrepp. Og einnig að leggja fram tillögur að nauðsynlegum rannsóknum á svæðinu í heild. Vitað var af miklum gögnum sem til voru í Orkustofnun en ekki hafði gefist tími til að samræma þau en það var hluti af samkomulaginu. Árið 2008 var síðan í framhaldi af þessari vinnu ákveðið að bora í samstarfi við þá bræður á Kópsvatni, Bjarna og Magnús. Sú hola heitir KV 02 og er í mynni Borgardals. Ákveðið var að bori í 1500 m til að kanna hitastigul og jarðlög. Hóla þessi gaf um 62 l/sek af 135 til 150°C heitu vatni



Hitaveita Flúða þjónar yfir fjögurhundruð notendum og eru íbúðarhús og sumarhús um þrjúhundruð. Nýir fjarálestrarmælar voru teknir í notkun seinni hluta árs 2008. Bylting varð þá í álestri, því að álestramaðurinn þarf ekki að fara inn í hvert hús heldur keyrir um og sækir álesturinn í gegnum talstöðvar.

